**Námsáætlun fyrir íslensku - 5. bekkur**
**skólaárið 2022-2023**

**Kennari:** Helga Björk og Erla
**Tímafjöldi:** 7 kennslustundir á viku

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Talað mál, hlustun og áhorf** | • Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.<br>• Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.<br>• Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi | • Að nemendur fái tækifæri til að tjá sig, segja frá eigin reynslu, endursegja og lesa upp eigin texta og annarra og æfi sig að sýna flytjendum tillitssemi, hvort sem er inn í kennslustofunni eða á öðrum viðburðum á vegum skólans.<br>• Að nemendum sé gerð grein fyrir þeim reglum sem gilda þegar margir vilja tjá sig og æfi sig í að fara eftir þeim.<br>• Nemendur taki þátt í stuttum leikþáttum og söngatriðum t.d. á árshátíð og í helgileikriti. | Verkefni í framsögn.<br>Framkoma og samskipti við aðra. |
| **Lestur og bókmenntir** | • Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi,lagt mat á hann og túlkað.<br>• Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær.<br>• Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.<br>• Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og | • Lögð verður áhersla á að nemendur auki lestrarhraða sinn. Nemendur lesa daglega heima í 15 mínútur upphátt fyrir foreldra/forráðamenn. Yndislestur fer fram á hverjum degi og þá lesa nemendur í bók að eigin vali í 10 mínútur í hljóði.<br>• Daglega er lesið fyrir nemendur þeim til skemmtunar og fróðleiks. Nemendur geta valið sér bók á bókasafninu til að lesa í heima eða í skólanum. | Lesferill, lesfimispróf í september, janúar og maí.<br>Lesskilningskannanir. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta. | • Nemendur þjálfast í lesskilningi með því að hlusta á texta, lesa texta og vinna verkefni og/e ða svara spurningum úr þeim. | |
| **Ritun** | • Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.<br>• Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.<br>• Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa. | • Nemendur eru þjálfaðir í að semja sögur og lesa þær upp.<br>• Nemendur skrifa eftir forskrift.<br>• Stafsetning er þjálfuð markvisst.Þá eru unnar æfingar, skrifaðir textar og reglur kenndar og þjálfaðar. | Ritunarverkefni<br>Stafsetningarverkefni<br>Orðabókarverkefni |
| **Málfræði** | • Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það.<br>• Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það.<br>• Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál. | • Kennsla í málfræði tengist fjölbreyttri verkefnavinnu sem miðar öll að því að efla almenna þekkingu og tilfinningu nemenda fyrir móðurmálinu.<br>• Nemendur vinna með tungumálið á ýmsan hátt t.d með sögum, myndasögum, krossgátum og ýmsum orðaleikjum.<br>• Unnið er með orðflokkana nafnorð, sagnorð og lýsingarorð út frá helstu einkennum þeirra.<br>• Lögð er áhersla á vandaðan frágang allra verkefna | Málfræðikannanir tvisvar yfir önnina.<br><br>Ýmis málfræðiverkefni í gegnum Seesew |

| |
|---|
| **Námsgögn:**<br>Lestrarbækur í samræmi við getu og áhuga hvers og eins, Skrift 5, Orðspor 1, Orðspor 1-vinnubók, Málrækt 2, Fyrsti smellur og ýmis verkefni frá kennara. Ýmis ljósrit og verkefni frá kennara. |
| **Lokanámsmat:**<br>Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnistáknum og safna þannig á hæfnikort sitt. |